



**Sígilt íslenskt rapp**

„Ég var að rifja upp Central Magnetizm með Subterranean. Þetta er sígilt plata, frábær.“

Benjamin Sigurgeirsson eðlisfræðinemi

Listasafn Sigurjóns:

# Íslensk tónskáld í öndvegi

**TÓNLIST** Tónlistardeild Listaháskóla Íslands heldur tónleika í Listasafni Sigurjóns í kvöld. Tónleikarnir eru liðir í Myrkum músikdögum sem hafa frá upphafi haft íslenska tónlist í forgrunni á dagskrá hátíðarinnar. Övenjulegt er að á nemendatónleikum skuli eingöngu vera flutt verk eftir íslenska höfunda. Flutt verða verk eftir. Atla Heimi Sveinsson, Áskel Másson, Jónas Tómasson, Karólínu Eiríksdóttur, Oliver Kentish og Pál Ísólfsen.

Flytjendur eru nemendur Tónlistardeildar Listaháskóla Íslands. Þeir eru: Ragnheiður Bjarnadóttir, Elfa Rún Kristinsdóttir, Ingrid Karlsdóttir, Helga Þóra Björgvinsdóttir, Ingi Garðar Erlendsson, Þórunn Elín Pétursdóttir, Melkorka Ólafsdóttir og Gyða Valtýsdóttir. Að auki mun Anna Guðný Guðmundsdóttir leika undir á píanó. Tón-



**NEMENDUR TÓNLISTARDEILDAR**

Övenjulegt er að á nemendatónleikum skuli eingöngu vera leikin verk eftir íslenska höfunda. Svo mun vera á tónleikumum í kvöld.

leikarnir hefjast klukkan 20.

Myrkir músikdagar hafa frá upphafi verið haldnir annaðhvort ár. Nú hefur orðið sú

breyting á að þeir eru haldnir á hverju ári og er það m. a. afleiðing af fjölbreyttu tónlistarlífi á Menningarárinu 2000. ■

## Vantar þig (auka) vinnu

Viltu vinna á góðum vinnustað, í skemmtilegu starfsumhverfi þar sem góður andi ræður ríkjum?

Vegna aukinna verkefna getum við bætt við okkur söluþólki í lengri eða skemmri tíma.

Vinnutími frá 9-17 á daginn eða kl.18-22 á kvöldin.

Mjög góðir tekjumöguleikar.

## Markan ehf.

Suðurlandsbraut 46 - Sími 588-8600

## Fiskfars

1 kg 790 kr kg

2 kg 590 kr kg

## Fiskibollur

kr 850 pr kg

## Rauðmagi

kr 99 pr kg

**Fiskbúðin Vör** Höfðabakka 1 s. 587 5070



## Um hvað snúast stjórnsmál?

Kynntu þér málið í Stjórnsmálaskóla Sjálfstæðisflokksins í Valhöll mánudags-, þriðjudags- og fimmtudagskvöld frá 18. febrúar til 7. mars

**FYRIRLESTRAR OG UMRÆÐUR, M.A. UM**

- borgarmálin
- fjölmiðla og stjórnmál
- flokksstarfið
- hlutverk sveitarfélaga
- menntun og menningarmál
- heilbrigðisþjónusta
- áhrifaríkan málflytning
- listina að vera leiðtogi
- Ísland í samkeppni þjóðanna

Dagskráin er kynnt á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins, www.xd.is á hnapp Stjórnsmálaskólans. Skráning og nánari upplýsingar í síma 515 1777/515 1700, einnig á netfangi disa@xd.is

# Alvöru myndlist í sjálfskipaðri útleögð

Hannes Lárusson sýnir um þessar mundir á Kjarvalsstöðum. Hann segir myndlistarheiminn á Íslandi skiptast í alvöru myndlist og listmarkað. Lífsspursmál fyrir íslenska menningu að um samruna verði.

**MYNDLIST** „Það hefur verið haft á orði að húsín sýningunni gætu nýst sem ágætis hæsnakofar. Fólk á erfitt með að ákveða sig hvort þau séu nytjahlutir eða skúlptúrar,“ segir myndlistarmaðurinn Hannes Lárusson, en sýning hans Hús í hús stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum. Aðspurður hvort listamaðurinn sé meðvitað á gráu svæði segir hann það á vissan hátt nauðsynlegt. „Öll framsækin list á að vera á óskilgreindu svæði og á mörkum nokkurra heima. Ég hef lýst verkum mínum sem sjónrænu leikhúsi og hins vegar hugmyndalegri skynvillu. Verkin á sýningunni gætu verið leikmynd í barnaleikriti og í vissum skilningi experimental skúlptúr.“

Hannes er kunnur fyrir að hafa starfað í grasrót listaheimsins. Spurður að því hvort sýningin á Kjarvalsstöðum sé aðgengileg segir hann svo vera, um sé að ræða sjónræna upplifun. „Sem er náttúrulega kjarninn í myndlistinni. Það skiptir höfuðmáli að fólk nái sambandi við verkin. Sýningin nú er ein fárra sem ég hef látið frá mér sem er algerlega á opinberum vettvangi.“

„Myndlistin hefur hafnað í ákveðin hugmyndaheim á Íslandi. Alvöru myndlistin hefur einangrast frá þjóðinni og farið í sjálfskipaða útleögð. Tómarúmið hefur verið fyllt með listlíkum (kitch), sem uppfyllt er af hér á landi. Myndlistarheimurinn á Íslandi er tvískiptur, annars vegar alvöru myndlist, sem finnst í grasrótahreyfingunni og hins vegar listmarkaðurinn,“ segir Hannes. Hann var spurður hvort



**HANNES LÁRUSSON Á SÝNINGUNNI SINNI HÚS Í HÚS**

„Listamenn og almenningur þarf gera sér grein fyrir þeim verðmætum sem í húfi eru verði bilið milli grasrótarinnar og listmarkaðarinnar ekki brúað. Þeir myndlistarmenn sem vissir eru um að komast aldrei í sviðsljósið fara ómeðvitað illa með þau verðmæti sem þeir eru með í höndunum. Almennur sem ekki er meðvitaður um listina gerir sér illa grein fyrir þeim verðmætum sem fölgín eru í góðri myndlist og spillingu hugarfarsins sem felst í þeirri lélegu.“

engar líkur væru á samruna þessara tveggja heima. „Ég held að það sé lífsspursmál fyrir íslenska menningu að svo verði. Í heild eru Íslendingar að glata mjög miklu með því að hafa ekki eðlilegan aðgang að framsækinni myndlist. Bretar eru t.a.m. mjög meðvitaðir. Myndlistarmenn þar í landi eru opinberar figúrir og iðulega í fjölmiðlum. Sem gerir það að verkum að fólk fær innsýn inn í þennan ákveðna heim sem annars er lokaður.“

Hannes segir að alvöru myndlistin þurfi að komast í

tísku til að nálgast fjöldann. „Þegar fjöldinn fer að skoða myndlistina sem sjálfsagðan hlut sjá þeir hversu aðgengileg hún er í raun og veru. Því betri sem listin er, því aðgengilegri er hún. Men þurfa að grafa sig úr grasrótargrenunum og hleypa ljósi á myndlistina. Um leið og það gerist myndast samstaða um hvar gæðin liggja. Fólk hættir þá að rugla saman einhverju augljóslegu verðmætalaus og hinu sem hefur möguleika á að lifa.“

kolbrun@frettabladid.is

**MÁNUDAGURINN 11. FEBRÚAR**

**FUNDUR**

12.30 Brian Wendleman myndlistarmaður frá Svíþjóð flytur í dag fyrirlestur í LHI, Laugarnesi, stofu 24. Í fyrirlesturinn fjallar hann um myndlistarmanninn Donald Judd, stofnun hans The Chinati Foundation í Texas og verk sem þar eru eftir þekktu myndlistarmenn.

**LEIKHÚS**

20.30 Á dagskrá Listaklúbbsins í kvöld verður í Leikhúskjallaranum „Jakúskt-kvöld“ í tónum, tali og myndum.

**TÓNLIST**

20.00 Tónlistardeild Listaháskóla Íslands heldur tónleika í Listasafni Sigurjóns í kvöld á Myrkum músikdögum.

**SÝNINGAR**

Sýningin Breiðholt frá hugmynd til veruleikastendur yfir í Listasafni Reykjavíkur - Hafnarhúsi. Þar eru sýndar teikningar og skissur þeirra sem skipulögðu Breiðholtshverfin þrjú ásamt ljósmynd-

um af hverfinu óbyggðu og byggðu. Þá eru á sýningunni, í samtarfi við RÚV, ýmis konar myndefni sem tengist Breiðholtinu ásamt útvarpsupptökum með efni frá uppbyggingartíma hverfisins. Sýningin stendur til 5. maí.

Sýningin Landafundur og ragnarök stendur yfir í Þjóðmenningarhúsinu. Sýningin er samstarfsverkefni við Landafundanevnd og fjallar um landafundi og siglingar Íslendinga á miðöldum með áherslu á fund Grænlands og Vínlands.

**MYNDLIST**

Guðmundur Tjörvi Guðmundsson sýnir ljósmyndir í Galleri Skugga v/Hverfisgötu. Yfirskrift sýningarinnar er Hrafnþing. Opnið er frá kl. 13-17 alla daga nema mánudaga. Sýningin stendur til 24. febrúar.

Guðmundur Ingólfsson sýnir úrval ljósmynda úr fjórum syrnum sem hann hefur unnið að undanfarna tvo áratugi. Sýningin er í Grófarás, Grófarhúsi, Tryggvagötu 15. Opnunartími er 12-17

virka daga og 13-17 um helgar. Sýningin stendur til 24. mars.

Sýning á verkum eftir Gerlu stendur nú yfir í Þjóðarbókhöfðunni í sýningaröðinni Fellingar. Fellingar hóf göngu sína í júní á síðasta ári og er sýning GERLU sú áttunda í röðinni. Fellingar er samstarfsverkefni Kvennasögusafnsins, Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns og þrettán starfandi myndlistarkvenna. Opnunartíma Kvennasögusafnsins er milli klukkan 9 og 16 alla virka daga.

Sýning Ingu Þóreyjar Jóhannsdóttur, Rögnu Sigurðardóttur og Sigríðar Ólafsdóttur stendur í Listasafni ASÍ, Ásmundarsal. Á sýningunni eru málverk og þrívíð verk. Einnig er unnið með íslenska útsaumshefð. Listasafn ASÍ er opið frá kl. 14 til 18 alla daga nema mánudaga. Sýningin stendur til 17. febrúar.

Tilkynningar sendist á netfangið ritstjorn@frettabladid.is